

# Áætlun um varnir og viðbrögð við einelti

Unnið af Forvarnarteymi Sólborgar veturinn 2009-2011

# **Eineltisáætlun Sólborgar**

## **Áætlun um varnir og viðbrögð**

### **Áætlunin er hluti af Forvarnaráætlun Sólborgar**

#### **1. Ábyrgð**

Starfsmenn bera ábyrgð á að vinna gegn einelti-áreitni með fyrirbyggjandi vinnu og að taka strax á þeim aðstæðum/hegðun sem geta leitt til eineltis. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega og henni fylgt.

#### **2. Markmið með eineltisáætlun er:**

Að starfsmenn séu meðvitaðir um einelti, þekki birtingamyndir þess og geti brugðist rétt við. Að starfsmenn vinni markvisst að því að fyrirbyggja og sporna við einelti. Höfum hugfast að einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja, þetta á bæði við í starfsmanna- og barnahópnum.

#### **3. Skilgreining á einelti.**

- Það telst einelti þegar ítrekað ofbeldi líkamlegt og andlegt á sér stað gagnvart einstaklingi eða hóp.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
- Mikilvægt er að starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti.

#### **4. Einelti getur átt sér stað á milli:**

- Barna gegn barni
- Barns gegn barni
- Starfsmaður gegn barni - barn gegn starfsmanni
- Starfsmanns gegn starfsmanni
- Hópi starfsmanna gegn starfsmanni

#### **5. Birtingamyndir eineltis / áreitni:**

Líkamlegt: Barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun og fleira

Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni, athugasemdir fullorðins/barns sem vega að persónu frekar en t.d. hegðun.

Óbeint: Baktal, útskúfun, eða útilokun frá félagahópi, vegið að starfi/aðferðum/persónu

## 6. Fyrirbyggjandi aðferðir gegn einelti /áreitni

- Styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnsins með notkun SMT aðferða í samskiptum.
- Að fylgjast með sjálfsmynd og líðan barnanna. Skrá minnst 2x á ári umsögn barnsins um sjálfsmynd sína í tengslum við fjölskylduna.
- Að efla félagsþroska og lífsleikni barna, leggja áherslu á góð samskipti, vináttu, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- Að æfa börnin í að tjá tilfinningar sínar. Vinna með Stig af stigi með tvo elstu árg. 4-6 ára. Nota kennsluefnið *Hjálpfús*, sögur og frásagnir.
- Skoða reglulega félagatengsl barnanna. Eiga allir vini sem vilja?
- Skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis, hvar eru gráu svæðin þar sem einelti er líklegra til að eiga sér stað.
- Að nota markvisst PMT /SMT aðferðir til að taka á erfiðri hegðun.
- Starfsmenn eiga ávalt að vinna með barn/börn fyrir „opnum tjöldum“ eða tveir saman.
- Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir barnanna, vanda orð sín og athafnir.
- Gott samstarf við foreldra.

## 7. Viðbrögð starfsfólks við einelti – áreitni.

Allir eiga á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Verði starfsmaður vitni að einelti- áreitni ber honum skylda til að bregðast við á viðeigandi hátt. Starfsmenn eru allir ábyrgir fyrir greiningu og lausn eineltismála.

**a.) Viðbrögð: Áreitni /einelti barna gegn barni.** Starfsmaður stöðvar „leikinn“, spyr börnin út í það sem þau eru að gera. Notar SMT aðferðir til að setja mörk. Málið rætt við deildarstjóra og fundinn tími svo fljótt sem auðið er til að tala betur um málið við börnin. Nota hlutverkaleik t.d. úr Stig af stigi, ræða tilfinningar og líðan. Lesa bækur þar sem einelti á sér stað. Þetta er endurtekið svo lengi sem þurfa þykir. Skrá atvikið og fylgjast sérstaklega með hegðun bæði gerenda og þolenda.

**b.) Viðbrögð: Áreitni starfsmanns gegn barni/börnum.** Verði starfsmaður var við áreitni eða ámælisverðar uppeldisaðferðir gagnvart barni/börnum ber að tilkynna það strax til leikskólastjóra. Leikskólastjóri ræðir strax við geranda og leitar nánari upplýsinga og eftir eðli málsins veitir honum tiltal, áminningu og/eða kallar til sérstakt teymi frá

Leikskólasviði sem rannsakar málið. Atvikið er skráð. Brot gegn barni eru ávallt ámælisverð og eru tilkynningarskyld til Barnaverndar og geta varðað brottrekstur úr starfi. Sjá reglur um tilkynningarskyldu og barnaverndarlög.

**c.) Viðbrögð: Einelti - áreitni í starfsmannahópnum.** Verði starfsmaður var við einelti-áreitni í starfsmannahópnum ber honum skylda til að bregðast við með því að ræða málið við leikskólastjóra sem rannsakar málið samkvæmt reglum frá Leikskólasviði um viðbrögð gegn einelti.

**Slúður** er eitt form eineltis slúður er það að tala um fjarverandi manneskju á þann hátt að það gæti skaðað mannorð þess sem er fjarverandi. Að hlusta á slúður annarra er að slúðra. Viðbrögð þess sem heyrir slíkt gætu verið að segja „Mér finnst óþægilegt að hlusta á ykkur tala um einhvern fjarverandi“. Eða „við skulum ekki ræða þetta“. Ítarlegri upplýsingar er að finna í „Áætlun um heilbrigt vinnuumhverfi - viðbragðsáætlun gegn einelti“ sem byggir á bækling um einelti á heimasíðu Leikskólasviðs Reykjavíkur.

**d.) Viðbrögð: Áreitni barns gegn starfsmanni** ber að tilkynna strax til leikskólastjóra. Viðbrögð eru þau sömu og þegar börn áreita hvort annað eða leggja í einelti sjá lið a.

## **8. Samstarf við foreldra**

Ef barn/börn verða uppvís af áreitni eða einelti skal foreldrum bæði geranda og þolanda tilkynnt um málið og foreldrar upplýstir um til hvaða aðgerða hefur verið gripið. Foreldrar erum okkar nánustu samstarfsmenn og samvinna við þá skilar alltaf góðum árangri. Þá skulu foreldrar og starfsfólk fylgjast vel með líðan bæði þolenda og geranda eftir slík atvik.

### **Sértækar aðgerðir**

Ef ekki tekst að ráða niðurlögum eineltis skal grípa til sértækra aðgerða sem væri í þessu tilfelli að leita ráðgjafar hjá sálfræðingi Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða. Sérstök áætlun væri þá sniðin fyrir verkefnið sem leikskólinn ásamt foreldrum tæki þátt í.

Áætlunin er tekin saman af forvarnarteymi Sólborgar í apríl 2010 og skal endurskoðuð á tveggja til þriggja ára fresti.

Í forvarnarteymi eru:

Hafdís Svansdóttir, deildarstjóri

María Klemensdóttir, deildarstjóri

Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri

Sigurlaug Eggertsdóttir, deildarstjóri

Samantekt: Jónína Konráðsdóttir og Signý Þórðardóttir